

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Bláskóga-
byggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir og deiliskipulagsbreytingar:

1. *Deiliskipulag 1,8 ha frístundalóðar í landi Bergsstaða í Biskupstungum. Landnúmer 167205.*
Gert er ráð fyrir 1,8 ha frístundahúsalóð þar sem heimilt verður að reisa allt að 150 m² frístundahús og allt að 20-25 m² aukahús.
Samþykkt í sveitarstjórn 5. september 2006.
2. *Deiliskipulag 3 ha frístundahúsalóðar í landi Bergsstaða í Biskupstungum. Landnúmer 189401.*
Gert er ráð fyrir einni 3 ha lóð með byggingareit fyrir eitt frístundahús allt að 150 m² og aukahús allt að 20-25 m².
Samþykkt í sveitarstjórn 5. september 2006.
3. *Deiliskipulag athafnalóða, Reykholt í Biskupstungum, Vegholt.*
Gert er ráð fyrir 6 lóðum 5.800-6.200 m². Hæð húsa er tvær hæðir og hámarksnýtingarhlutfall er 0,2.
Samþykkt í sveitarstjórn 8. nóvember 2005.
4. *Deiliskipulag lögbýlis úr landi Dalsmýnnis í Biskupstungum.*
Gert er ráð fyrir lögbýli á um 15 ha spildu úr landi Dalsmýnnis í Biskupstungum.
Í tillögunni er gert ráð fyrir tveimur byggingareitum þar sem heimilt verður að reisa allt að 400 m² íbúðarhús, allt að 100 m² bílskúr, allt að 200 m² geymsluhús og allt að 200 m² hesthús. Fyrir liggur samþykkt um stofnun lögbýlis.
Samþykkt í sveitarstjórn 5. september 2006.
5. *Deiliskipulag frístundabyggðar, Þrívörðuás, í landi Miðhúsa, Biskupstungum.*
Gert er ráð fyrir 6 8.000 m² frístundalóðum austan, sunnan og vestan í svokölluðum Þrívörðuási. Aðkoma er frá vegi inn í frístundabyggðina þar innan við.
Samþykkt í sveitarstjórn 5. september 2006.
6. *Breyting á deiliskipulagi íbúðar- og hesthúsabyggðar við Einbúa, Háholt nr. 3-5 Laugarvatni.*
Lóðirnar 3 og 5 eru sameinaðar og í stað tveggja einbýlishúsa er gert ráð fyrir einu raðhúsi með 6 íbúðum.
Samþykkt í sveitarstjórn 5. september 2006.
7. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Vaðs í landi Brúar í Biskupstungum.*
Gert er ráð fyrir að heimilt verði að reisa 200 m² frístundahús í stað 160 m².
Hámarksnýtingarhlutfall lóðar verði 3%.
Samþykkt í sveitarstjórn 3. október 2006.

Nr. 1029

30. nóvember 2006

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 30. nóvember 2006.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 15. desember 2006